

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 121/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Pórði Pórðarsyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Tekjuskattur. Útsvar. Virðisaukaskattur. Skjalafals. Skilorð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 11. mars 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að refsing verði milduð ásamt því, að hann „verði sýknaður af broti gegn 158. gr. almennra hegningarlaga“ nr. 19/1940, en til vara, að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið eða tildæmd refsing bundin skilorði.

I.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, var ákærða gefið að sök í ákæru að hafa í fyrsta lagi brotið nánar tilgreind ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga og laga nr. 90/1990 um sama efni með því að hafa á árunum 1990 til 1994 vantalið í skattframtölum sínum tekjur, að fjárhæð 133.158.685 krónur, með þeim afleiðingum, að álagður tekjuskattur og útsvar hans hafi orðið 37.668.600 krónum lægri en vera átti. Í öðru lagi var ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa á árunum 1990 til 1993 breytt afritum 120 sölureikninga vegna atvinnurekstrar síns til lækkunar um samtals 47.216.581 krónu og notað afritin þannig breytt í bókhaldi sínu sem fylgiskjöl fyrir færslu tekna. Í þriðja lagi var ákærði sóttur til saka fyrir að hafa brotið gegn tilgreindum ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með því að hafa van-

talið á árunum 1990 til 1994 á virðisaukaskattsskýrslum skattskylda veltu, að fjárhæð 149.021.817 krónur, og komist þannig hjá að greiða í ríkissjóð 36.510.344 krónur að frádregnum vantöldum innskatti árið 1994, að fjárhæð 627.767 krónur, alls 35.882.577 krónur.

II.

Við úrlausn um ákæruefnið, sem fyrst var nefnt hér að framan, féllst meiri hluti héraðsdóms, sem sérfróðir meðdómsmenn mynduðu, að nokkru á röksemdir ákærða, sem lúta að því, að á móti vantöldum tekjum verði að taka tillit til vantalinna gjalda vegna rekstrar ákærða eftir atvikum með því, að slík gjöld verði áætluð. Þessu til samræmis áætluðu meðdómsmennirnir fjárhæð vantalinna gjalda með því að gefa sér meðal annars forsendur um líklega þörf ákærða fyrir lífeyri á því árabili, sem um ræðir í málinu, og taka tillit til breytinga á efnahag hans í samiburði við þær tekjur, sem talið er í ákæru, að hann hafi raunverulega notið. Þessi áætlun, sem meðdómsmennirnir virðast hafa unnið sjálfstætt að eftir dómtöku málsins, á sér ekki viðhlítandi stoð í gögnum þess. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til þeirra röksemda, sem fram koma í sér- atkvæði dómsformannsins í héraði, voru ekki efni til að leggja af þessum sökum til grundvallar niðurstöðu í málinu lægri fjárhæð vantalinna skattstofna ákærða en í ákæru greinir.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að það yndi við niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð vantalinna skattstofna ákærða samkvæmt lið I.1. í ákæru. Ákærði hefur ekki fært fullnægjandi rök fyrir því, að taka eigi til greina frekari gjaldaliði til lækkunar á skattstofnum. Við úrlausn málsins verður því að telja fjárhæð vantalinna skattstofna ákærða til tekjuskatts og útsvars í skattframtölum árána 1990 til 1994 vera þá sömu og byggt var á í héraðsdómi, 28.578.979 krónur. Verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða samkvæmt þessum lið ákæru, og eru brot hans þar réttilega færð til refsíákvæða.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða samkvæmt liðum I.2. og II. í ákæru og heimfærslu þeirra brota til refsíákvæða.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til þess, að brot hans voru stórfelld og leiddu til þess, að hann komst undan því að greiða í opinber gjöld verulega háar fjárhæðir, sem telja verður, að svari til hagnaðar hans af brotunum. Brotin voru drýgð jafnt og þétt á löngum tíma og af bersýnilegum ásetningi. Á hinn bóginn verður að taka tillit til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að máli skiptir hér. Þegar alls þessa er gætt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða í ríkissjóð 50.000.000 króna sekt, en sæta í hennar stað fangelsi í tólf mánuði, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óröskuð. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að úr því að héraðsdómari taldi efni til að kveðja meðdómsmenn til setu í dómi, hefði honum verið rétt að kveðja til einn héraðsdómara ásamt einum sérfróðum manni.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórður Þórðarson, sæti fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 50.000.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti í hennar stað fangelsi í tólf mánuði, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun

skípaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlög-
manns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 27. janúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. janúar sl., er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. október 1996, á hendur Þórði Þórðarsyni, Sóleyjargötu 18, Akranesi, fæddum 26. nóvember 1930, fæðingarnúmer 211, „fyrir eftirgreind brot á skattalögum og skjalafals, framin í rekstri einkafyrirtækis hans, Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar, Akra-
nesi.

I. Brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfé-
laga og skjalafals.

1. Ákærða eru gefnar að sök stórfelldar rangfærslur í skattframtölum sín-
um á árunum 1990 til 1994, þar sem tekjur af rekstri ákærða við vöruflut-
ninga og skylda starfsemi á árunum 1989 til 1993 voru vantaldar um að
minnsta kosti 133.158.685 kr., sem skattskyldar voru samkvæmt B-lið 7. gr.
laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. og 21. og 23. gr. laga um
tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989 og nr. 90/1990, sjá nú 19. og 21. gr. laga
nr. 4/1995, er leiddi til þess, að álagður tekjuskattur og útsvar á ákærða varð
37.668.600 kr. lægri en vera átti.

Framangreindar fjárhæðir sundurliðast sem hér greinir:

	Vantaldar tekjur	Tekjuskattur	Útsvar
<i>Árið 1989</i>			
Útgefnir reikningar	kr. 39.020.734		
Innheimt hjá Vöruflutninga- miðstöðinni hf.	– 3.343.670		
– Framtaldar tekjur	– (35.601.947)		
– Reiknað endurgjald	– (100.000)		
Vanframталиð:	kr. 6.662.457	2.052.037	479.697
<i>Árið 1990</i>			
Sölureikningar	kr. 41.759.627		
38 ótekjufærðir reikningar	– 17.411.804		
Vöruflutningamiðstöðin	– 3.540.880		

1917

Endurvinnslan hf.	kr.	242.398		
– Framtaldar tekjur	–	(37.106.409)		
– Vegna eignatekna	–	(117.600)		
Vanframtalið	–	25.730.700		
– Tap skv. rekstrarreikningi	–	(5.254.476)		

Skattstofn:	kr.	20.476.224	6.716.201	1.535.716
-------------	-----	------------	-----------	-----------

Árið 1991

Sölureikningar	kr.	53.562.204		
33 ótekjufærðir reikningar	–	8.178.573		
Vöruflutningamiðstöðin	–	3.352.477		
– Framtaldar tekjur	–	(39.499.276)		
Vanframtalið	–	25.593.978		
– Tap skv. rekstrarreikn.	–	(7.580.756)		

Skattstofn:	kr.	18.013.222	5.908.337	1.350.992
-------------	-----	------------	-----------	-----------

Árið 1992

Sölureikningar	kr.	61.434.533		
17 ótekjufærðir reikningar	–	5.743.337		
Vöruflutningamiðstöðin	–	3.661.972		
– Framtaldar tekjur	–	(35.570.048)		
Vanframtalið	–	35.269.793		
– Tap skv. rekstrarreikn.	–	(8.496.910)		

Skattstofn:	kr.	26.772.883	8.781.506	2.007.966
-------------	-----	------------	-----------	-----------

Árið 1993

Sölureikningar	kr.	60.968.851		
Vöruflutningamiðstöðin	–	3.876.145		
– Framtalið	–	(24.943.239)		
Vanframtalið	–	39.901.757		
– Tap skv. rekstrarreikn.	–	(18.762.646)		

Skattstofn:	kr.	21.139.111	7.250.715	1.585.433
-------------	-----	------------	-----------	-----------

Samtals vanframtalið	kr.	133.158.685	30.708.796	6.959.804
----------------------	-----	-------------	------------	-----------

2. Þá er ákærða gefið að sök skjalafals með því að hafa á árunum 1990 til 1993 lækkað í blekkingarskyni fjárhæðir á afritum 120 sölureikninga fyrirtækisins og notað þau þannig breytt sem fylgiskjöl til tekjufærslu í bókhaldi þess. Af vanframtöldum tekjum greindra ára falla 47.216.581 kr. undir skjalafals, og sundurliðast fjárhæðin þannig:

		Heildarfrjárhæð		
		Frumrit	Afrit	Mismunur
<i>Árið 1990</i>				
9 reikningar	kr.	7.844.227	4.094.705	3.749.522
<i>Árið 1991</i>				
46 reikningar	–	30.418.307	14.463.444	15.954.863
<i>Árið 1992</i>				
44 reikningar	–	30.553.138	11.285.154	19.267.984
<i>Árið 1993</i>				
21 reikningur	–	13.135.940	4.891.728	8.244.212
Samtals	kr.	81.951.612	34.735.031	47.216.581

Brot samkvæmt 1. tölulið teljast varða við 1. mgr., sbr. og 6. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sjá nú 1. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 um breyting á þeim lögum, sbr. og 24. gr. laga nr. 91/1989 og laga nr. 19/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, sjá nú 22. gr. laga nr. 4/1995. Brot samkvæmt 2. tölulið teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Brot á lögum um virðisaukaskatt.

Þá eru ákærða gefnar að sök stórfelldar rangfærslur og undandráttur við virðisaukaskattsskil á árunum 1990 til 1994 með því að vantelja á virðisaukaskattsskýrslum sínum virðisaukaskattsskylda veltu um að minnsta kosti 149.021.817 kr., sem varð til þess, að hann komst hjá því að greiða ríkissjóði 36.510.344 kr. í útskatt, sem frá dragast 627.767 kr. vegna vantalins innskatts í janúar–ágúst 1994, svo að vangreiddur virðisaukaskattur verður 35.882.557 kr.

Vanframtaln velta og virðisaukaskattur af henni sundurliðast eftir tímabilum sem hér greinir:

Tímabil	Vantalin velta	Vangreiddur virðisaukaskattur	
<i>Árið 1990</i>			
janúar–febrúar	kr. 3.248.508	795.884	
mars–apríl	– 6.174.003	1.512.631	
maí–júní	– 4.987.514	1.221.941	
júlí–ágúst	– 2.035.147	498.611	
sept.–okt.	– 5.281.732	1.294.024	
nóv.–des.	– 4.121.397	1.009.742	6.332.833

Árið 1991

janúar–febrúar	kr. 1.448.479		354.877	
mars–apríl	– 4.144.824		1.015.482	
maí–júní	– 5.752.942		1.409.471	
júlí–ágúst	– 3.589.048		879.317	
sept.–okt.	– 7.675.740		1.880.556	
nóv.–des.	– 2.982.945	25.593.987	<u>730.822</u>	6.270.525

Árið 1992

janúar–febrúar	kr. 5.768.508		1.413.284	
mars–apríl	– 5.685.802		1.393.021	
maí–júní	– 7.641.653		1.872.205	
júlí–ágúst	– 4.255.662		1.042.637	
sept.–okt.	– 6.838.854		1.675.519	
nóv.–des.	– 5.079.314	35.269.793	<u>1.244.432</u>	8.641.098

Árið 1993

janúar–febrúar	kr. 3.836.810		940.018	
mars–apríl	– 5.862.440		1.436.298	
maí–júní	– 8.115.790		1.988.369	
júlí–ágúst	– 8.087.356		1.981.402	
sept.–okt.	– 6.558.474		1.606.826	
nóv.–des.	– 7.440.887	39.901.757	<u>1.823.017</u>	9.775.930

Árið 1994

janúar–febrúar	kr. 6.876.587		1.684.764	
– innskattur	–		(141.827)	
mars–apríl	– 6.844.340		1.676.863	
– innskattur	–		(139.726)	
maí–júní	– 7.004.627		1.716.134	
– innskattur	–		(187.646)	
júlí–ágúst	– 1.682.435	<u>22.407.989</u>	412.197	
– innskattur	–		<u>(158.568)</u>	<u>4.862.191</u>
Samtals	kr.	149.021.817		35.882.557

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sjá nú 3. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Við munnlegan flutning málsins krafðist sækjandi þess enn fremur, að

ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða hefur aðallega verið krafist sýknu, en til vara, að einungis verði sakfelld fyrir hluta af I. og II. hluta ákæru, til vara, komi til sakfellingar, að refsing ákærða verði ákvörðuð eins væg og lög frekast leyfa og refsivist höfð skilorðsbundin, verði hún dæmd. Þá var þess krafist af hálfu ákærða, að allur sakarkostnaður yrði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til handa skipuðum verjanda.

Málavextir.

Ákærði, Þórður Þórðarson, hefur um langa hríð rekið einkafyrirtækið Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar á Akranesi, og var starfsemi fyrirtækisins aðallega fólgin í vöruflutningum milli Akraness og Reykjavíkur, útleigu á atvinnuhúsnæði á Akranesi og rekstri skipaafgreiðslu fyrir Eimskip hf. og Samskip hf. Þá var ákærði umboðsaðili fyrir Eimskip hf. og annaðist flutninga fyrir það fyrirtæki. Að jafnaði unnu átta til tíu manns hjá fyrirtækinu.

Með bréfi, dagsettu 18. október 1994, til skattrannsóknarstjóra ríkisins óskaði skattstjóri Vesturlandsumdæmis eftir sérstakri rannsókn á ætluðum skattalagabrotum ákærða.

Hinn 4. nóvember 1994 hófst athugun skattrannsóknarstjóra á bókhaldi, tekjuskráningu, tekjuskráningargögnum og skattskilum ákærða fyrir rekstrarárin 1990 til 1993 með því, að starfsmenn embættisins fóru á starfsstöð ákærða og fengu afhent gögn vegna rekstrar Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar. Ákærða var þar jafnframt afhent bréf skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsett 3. nóvember 1994, þar sem honum var tilkynnt, að hann sætti skattrannsókn fyrir fyrrgreind rekstrarár. Segir í skýrslu skattrannsóknarstjóra, að á meðal þeirra gagna, sem afhent hafi verið, hafi verið gögn, sem sýnt hafi, að virðisaukaskattsskilum félagsins fyrstu átta mánuði rekstrarársins 1994 hafi verið ábótavant. Hinn 23. nóvember 1994 fengu starfsmenn skattrannsóknarstjóra afhent gögn hjá ákærða vegna rekstrar félagsins frá byrjun árs 1989 til loka ágústmánaðar 1994. Jafnframt var ákærða þar afhent bréf skattrannsóknarstjóra, dags. 21. nóvember 1994, þar sem honum var tilkynnt, að hann sætti rannsókn vegna þessa tímabils.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra laut að bókhaldi, tekjum, tekjuskráningu og tekjuskráningargögnum varðandi rekstur Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar framangreint tímabil. Þá laut rannsóknin að virðisaukaskattsskýrslum félagsins fyrir sama tímabil og skattframtölum ákærða gjaldárin 1990–1994 vegna rekstraráranna 1989–1993.

Samkvæmt fram lagðri skýrslu skattrannsóknarstjóra byggðist rannsókn-

in á sölureikningum, sem ákærði notaði. Var annars vegar um að ræða ónúmeraða sölureikninga, sem gefnir voru út af Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar rekstrarárið 1989, og hins vegar tölusetta sölureikninga, sem ákærði tók í notkun í upphafi rekstrarársins 1990. Þá var rannsóknin reist á upplýsingum ákærða, eiginkonu hans, Esterar Teitsdóttur, bókara ákærða, Jóhanns S. Sigurdórssonar, og upplýsingum frá ýmsum nánar tilgreindum viðskiptavinum bifreiðastöðvarinnar. Þá var stuðst við virðisaukaskatts-skýrslur ákærða, skattframtöl og ársreikninga.

Skattrannsóknarstjóri fékk ekki í hendur fært bókhald vegna rekstrar bifreiðastöðvarinnar vegna rekstraráranna 1989 til og með 1993. Hreyfingalisti bókhalds vegna fyrstu átta mánaða rekstrarársins 1994 var afhentur skattrannsóknarstjóra. Bar ákærði, að hreyfingalistar bókhalds rekstraráranna 1990–1992 hefðu ekki fundist, en bókhald rekstraráranna 1989 og 1993 var handfært í bækur samkvæmt upplýsingum bókara.

Niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins voru þessar:

1. Færðu bókhaldi vegna rekstraráranna frá og með 1989 til og með 1993 hefur ekki verið skilað til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

2. Sölureikningar þeir, sem notaðir voru af ákærða rekstrarárið 1989, voru í einriti og báru auk þess ekki með sér fyrir fram áprentað reikningsnúmer.

3. Útgáfudagssetningu vantar á fjöldamarga út gefna sölureikninga.

4. Ekki var miðað við útgáfudagssetningu sölureikninga við tekjufærslu þeirra í bókhaldi skattaðila, heldur var miðað við greiðslu þeirra. Ef sölureikningur var ekki greiddur af viðskiptavini ákærða, var hann ekki heldur tekjufærður í bókhaldi fyrr en við greiðslu þeirra.

5. Ákærði innheimti kostnað af viðskiptavinum sínum, án þess að virðisaukaskattur væri jafnframt innheimtur af kostnaði.

6. Meðal gagna, sem bárust skattrannsóknarstjóra ríkisins frá viðskiptavinum ákærða, voru frumrit sölureikninga. Afrit þessara sömu sölureikninga voru ekki meðal afrita þeirra sölureikninga, sem ákærði afhenti skattrannsóknarstjóra ríkisins og voru grundvöllur tekjufærslu í bókhaldi hans.

7. Vöruflutningamiðstöðin hf. innheimti tekjur fyrir ákærða, sem voru ekki færðar til tekna í bókhaldi ákærða.

8. Ákærði notaði sölureikninga, sem notaðir höfðu verið rekstrarárið 1989, eftir 1. janúar 1990, þrátt fyrir það að nýtt sölureikningsform hafi verið tekið í notkun 1. janúar árið 1990. Framangreindir sölureikningar voru ekki tekjufærðir í bókhaldi ákærða.

9. Ákærði breytti afritum sölureikninga eftir útgáfu þeirra, þannig, að

flest þeirra báru með sér lægri fjárhæð, en nokkur hærri, en frumrit þeirra. Sú fjárhæð, sem fram kemur í afriti sölureiknings, var síðan tekjufærð í bókhaldinu.

10. Til eru tveir sölureikningar með áprentuð reikningsnúmerin 6587 og (?), og er fjárhæð þeirra mishá. Annar þeirra, sem sendur var viðskiptavini, var aðeins ljósrit.

11. Ákærði notaði svokallaðan „bókabúðarsölureikning“ vegna sölu sinnar á plastpokum til sjúkrahúss Akraness. Fjárhæð framangreinds sölu-reiknings var alls 40.000 kr.

12. Ákærði gaf ekki út sölureikninga vegna allra viðskipta sinna. Í þeim tilvikum var notast við gíróseðla og svokölluð vörufylgibréf, sem voru ekki tekjufærð í bókhaldi.

13. Tekjur vegna flutninga fyrir Endurvinnsluna hf. á fyrri hluta ársins voru ekki færðar í bókhaldi.

Samandregnar tölulegar niðurstöður skattrannsóknarstjóra ríkisins voru þessar:

Vanframtalin skattskyld velta rekstrarárið 1989 6.762.457 kr., árið 1990 26.037.993 kr., árið 1991 26.028.753 kr., árið 1992 35.562.597 kr., árið 1993 40.175.353 kr. og í janúar–ágúst 1994 22.668.920 kr., samtals 150.473.616 kr.

Vanframtalinn virðisaukaskattur vegna rekstrarársins 1990 6.379.308 kr., ársins 1991 6.377.044 kr., ársins 1992 8.712.835 kr., ársins 1993 9.842.962 kr. og í janúar–ágúst 1994 5.553.885 kr., samtals 36.866.034 kr.

Vanframtaldar peningalegar eignir á skattframtölum árið 1991 15.285.109 kr., árið 1992 25.292.600 kr., árið 1993 28.609.597 kr., árið 1994 23.966.224 kr.

Samanlögð vanframtalin skattskyld velta ákærða á virðisaukaskatts-skýrslum var samkvæmt fyrrgreindri rannsóknarskýrslu, dagsettri 2. mars 1995, 150.473.616 kr. og vanframtalinn virðisaukaskattur 36.866.034 kr.

Vanframtalin skattskyld velta ákærða á skattframtölum gjaldáranna 1990–1994 væri alls 134.567.153 kr.

Með bréfi, dagsettu 8. mars 1995, sendi skattrannsóknarstjóri ríkisins mál þetta Rannsóknarlögreglu ríkisins til opinberrar rannsóknar með vísan til 108. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 41. gr. laga nr. 50/1988 ásamt skýrslu sinni, dagsettri 2. mars 1995, svo og önnur gögn, sem mál þetta varða og hafði verið aflað.

Rannsóknarlögregla ríkisins yfirheyrði ákærða og vitni vegna málsins í byrjun árs 1995.

Hinn 4. apríl 1995 fór Rannsóknarlögregla ríkisins fram á það við skatt-rannsóknarstjóra, að fram færi framhaldsrannsókn á viðskiptum ákærða og

Vöruflutningamiðstöðvarinnar hf. á rekstrarárunum 1989 til ágúst 1994. Niðurstæða þessarar rannsóknar var sú, að „eftirkröfur“ fyrrgreindra rekstrarára væru samtals 1.740.886 kr. og vanframtalin skattskyld velta ákærða 6.762.457 kr. árið 1989 og 149.075.314 kr. fyrir tímabilið 1990 til og með ágúst 1994, samtals 155.837.771 kr., en vangoldinn virðisaukaskattur árið 1990 til og með 1994 36.523.452 kr., samtals 192.361.223 kr.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins endurákvæðaði ríkisskattstjóri 16. maí 1995 álagningu opinberra gjalda ákærða gjaldárin 1990–1994 og virðisaukaskatt ákærða rekstrarárin 1990–1993 og uppgjörstímabilin janúar til ágúst 1994. Vísaði ríkisskattstjóri m. a. til þess, að kærandi hefði ekki afhent skattrannsóknarstjóra ríkisins fært bókhald þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um. Ákærða hafi mátt vera ljóst, að vöntun tekjuskráningargagna væri nokkur og að rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins hefði ekki náð til allra vanframtalinna tekna ákærða.

Ríkisskattstjóri ákvarðaði tekjuviðbót á skattframtölum ákærða gjaldárin 1990 til og með 1994 þannig:

Gjaldárið 1990	8.000.000 kr.
Gjaldárið 1991	30.000.000 kr.
Gjaldárið 1992	30.000.000 kr.
Gjaldárið 1993	40.000.000 kr.
Gjaldárið 1994	45.000.000 kr.

Þá bætti ríkisskattstjóri 25% álagi við þá hækkun skattstofna ákærða, sem leiddi af þessum breytingum, skv. 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Sama dag tilkynnti ríkisskattstjóri ákærða um hækkun skattskyldrar veltu til virðisaukaskatts, sbr. 7. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, vegna allra uppgjörstímabila rekstraráranna 1990, 1991, 1992 og 1993 og fyrstu fjögurra uppgjörstímabila ársins 1994. Hækkun skattskyldrar veltu til virðisaukaskatts nam sömu fjárhæðum og að framan greinir vegna gjaldársins 1991 til og með 1994, en fyrstu fjögur uppgjörstímabil ársins 1994 nam hækkun skattskyldrar veltu 25.000.000 króna.

Með kæru, dagsettri 14. júní 1995, mótmælti ákærði endurákvörðun ríkisskattstjóra og gerði þær kröfur, að viðbótarskattstofn yrði lækkaður og álagi yrði ekki beitt. Hinn 17. október 1995 úrskurðaði ríkisskattstjóri, að ákvarðaðar viðbótartekjur skyldu standa óhaggaðar að öðru leyti en því, að tekjuskatts- og útsvarstofn gjaldárið 1990 var lækkaður um 115.000 kr. að teknu tilliti til álags samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981, þar sem reiknað endurgjald ákærða í ársreikningi væri 100.000 kr. lægra en í skattframtali hans. Í kærúrskurði vegna virðisaukaskatts ákærða ákvað ríkisskattstjóri einnig, að hækkun virðisaukaskattsskyldrar veltu skyldi standa

óhöggud, en tók til greina kröfu kæranda um hækkun innskatts uppgjörstímabilin janúar til ágúst 1994.

Ákærði kærði þessa ákvörðun til yfirsattanefndar 15. nóvember 1995. Í kærinni var gerð sú aðalkrafa, að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ómerktur og honum vísað aftur til ríkisskattstjóra til löglegrar meðferðar. Til vara krafðist ákærði þess, að úrskurðaðar viðbótartekjur yrðu stórlega lækkaðar. Reisti ákærði aðalkröfu sína m. a. á því, að skattranssóknarstjóra ríkisins hefði borið að kanna, hvort rekstrarkostnaður kæranda kynni að hafa verið vantallinn í rekstrarreikningum á skattframtölum kæranda. Yfirsattanefnd hafnaði aðalkröfu ákærða og úrskurðaði viðbótartekjur ákærða án tillits til álags samkvæmt 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 7.100.000 kr. vegna gjaldársins 1990, 24.000.000 kr. vegna gjaldársins 1991, 27.000.000 kr. vegna gjaldársins 1992, 37.000.000 kr. vegna gjaldársins 1993 og 42.000.000 kr. vegna gjaldársins 1994. Kröfu kæranda um niðurfellingu álags var hafnað. Þá úrskurðaði yfirsattanefnd viðbótarveltu til virðisaukaskatts 24.000.000 kr. vegna rekstrarársins 1990, 27.000.000 kr. vegna rekstrarársins 1991, 37.000.000 kr. vegna rekstrarársins 1992, 42.000.000 kr. vegna rekstrarársins 1993 og 23.500.000 kr. vegna uppgjörstímabilsins janúar til ágústloka 1994.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið framkvæmdastjóri Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar og séð um alla fjármálastjórn, útskrift reikninga og innheimtu þeirra. Kvað hann Jóhann Sigurdórsson hafa fært bókhald samkvæmt þeim gögnum, sem ákærði hefði sent honum reglulega. Kvaðst ákærði hafa sent bókkara sínum þau gögn, sem ákærði hefði talið, að hann þyrfti með. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa verið „trassi“, eins og hann komst að orði, að halda til haga ýmsum gjaldareikningum og ekki sent Jóhanni. Frá árinu 1990 hafi gögn verið send á eins til tveggja mánaða fresti. Hafi Jóhann jafnframt gert virðisaukaskattsskýrslur, skattsskýrslur og ársreikninga. Kvaðst ákærði hafa skrifað undir skýrslurnar án þess að lesa þær. Kvaðst hann halda, að Jóhann hefði síðan sent gögnin til baka. Ákærði kvað Jóhann hafa annast þessa vinnu fyrir sig í mörg ár. Kvaðst hann upphaflega hafa samið við Jóhann um þessa bókhaldsvinnu, en þó talið, að Jóhann ynni á vegum Endurskoðunarskrifstofu Gunnars R. Magnússonar. Ákærði kvað Jóhann hafa gert virðisaukaskattsskýrslur á grundvelli afrita af reikningum, sem innheimtir hefðu verið af ákærða.

Ákærði viðurkenni að hafa vanframtalið þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í ákæru. Gat ákærði ekki gefið skýringu á því, af hverju þær höfðu ekki verið tekjufærðar. Hins vegar kvað ákærði ýmis gjöld vegna rekstrarins ekki koma fram í skattframtölum sínum.

Ákærði viðurkenndi að hafa á tímabilinu 1990 til 1994 gefið út þá 131 sölureikning, sem ákærði byrjaði að nota eftir 1. janúar 1990, í þríriti með fyrir fram áprentuðum reikningsnúmerum, samtals að fjárhæð 48.031.113 kr., og ekki voru tekjufærðir. Kvaðst hann ekki hafa neina skýringu á því.

Þá kvað ákærði, að árið 1989 hefðu allar tekjur farið í gegnum flutningabækur, þar sem reikningar hefðu þá verið í einriti.

Ákærði kvaðst hafa gefið út og innheimt samtals 88 sölureikninga í einriti á árunum 1990 til 1992, að heildarfjárhæð 39.010.474 kr., án þess að tekjufæra í bókhaldið. Kvað ákærði tilganginn hafa verið að ná umræddum tekjum undan skatti.

Ákærði kvaðst hafa hent mörgum reikningum, sem hefðu ekki fengist greiddir, og því vantaði reikningsnúmer í sölureikningsröð. Kvað ákærði marga gjaldareikninga hafa glatast, þar sem hann hefði ekki gert sér grein fyrir því, hvernig fara ætti með bókhald og bókhaldsgögn. Þá kvaðst ákærði t. d. hafa lánað fyrirtækinu Arctic rúmar þrjár milljónir vegna skipaflutninga, en það fyrirtæki hefði orðið gjaldþrota, án þess að ákærði fengi kröfu sína greidda. Kvaðst ákærði ekki hafa lýst kröfu í þrotabúið, þar sem talið hefði verið, að það væri þýðingarlaust.

Ákærði kvaðst hafa fengið greitt frá Endurvinnslunni árið 1990 samkvæmt fylgibréfum, en ekki hefðu verið útbúnir sérstakir sölureikningar.

Ákærði viðurkenndi að hafa breytt afritum sölureikninga eftir útgáfu þeirra, þannig, að fjárhæð reikninganna hefði ýmist verið hærri eða lægri en frumrit þeirra.

Vitnið Jóhann Sigurdórsson kvaðst hafa starfað hjá Gunnari R. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, sl. 19 ár, en ekki hafa löggildingu sem endurskoðandi. Hann kvaðst hafa fært bókhald og gert skattskýrslur fyrir ákærða sl. 15 ár, og kvaðst hann hafa gert það á eigin vegum. Vitnið kvað bókhald hafa verið handfært fyrstu árin. Fram til ársins 1990 hefði bókhaldið verið fært samkvæmt tekjubókum og gjaldareikningum, en síðan samkvæmt sölureikningum og gjaldareikningum. Kvað vitnið ákærða hafa sent sér gögnin. Vitnið kvaðst hafa fært bókhaldið reglulega frá árinu 1990, þar sem hann hefði séð um að gera virðisaukaskattsskýrslur fyrir ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa fært viðskiptareikninga í bókhaldinu, en fært allt í gegnum sjóð. Hann kvaðst ekki hafa bent ákærða á, að neikvæður höfuðstóll hefði myndast í bókhaldi ákærða. Þá kvaðst hann ekki hafa reiknað út lífeyri fyrir ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa haft undir höndum flutningsbækur við færslu bókhalds.

Vitnið kvaðst ekki hafa tekjufært samkvæmt reikningsyfirlitum vegna innheimtu Vöruflutningamiðstöðvarinnar hf. fyrir ákærða, þar sem hann

hefði einungis fært sölu samkvæmt bláum afritum sölureikninga, sem hann hefði fengið send frá ákærða. Kvaðst hann hafa talið þessi skjöl frá Vöruflutningamiðstöðinni einungis hafa verið yfirlit, en ekki reikninga, og því ekki fært „eftirkröfur“ til gjalda. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst hann hafa fært stöðvargjöld og önnur smávægileg útgjöld ákærða til gjalda, enda hefðu viðeigandi gjaldareikningar fylgt yfirlitunum.

Vitnið kvaðst hafa sent öll bókhaldsgögn aftur til ákærða.

Vitnið Kristinn Ólafur Ólafsson, bókarí hjá Vöruflutningamiðstöðinni hf., gaf skýrslu fyrir dóminum. Kvað hann Vöruflutningamiðstöðina hf. hafa innheimt reikninga fyrir ákærða í Reykjavík. Hafi ákærða verið sent mánadarlega yfirlit yfir þá innheimtu, svo og yfirlit yfir „eftirkröfur“.

Niðurstöður.

I. Brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skjalafals.

Kafli I.I. í ákæru.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa látið hjá líða að telja fram tekjur sínar til skatts a. m. k. um 133.158.685 kr. á skattframtölum árunna 1990–1994. Eru þar rekstrartekjur sundurliðaðar á hvert ár og þar sagðar vera vanframtaldar um 133.376.286 kr. í skattframtölum árunna 1990–1994. Þessi mismunur skýrist af reiknuðu endurgjaldi vegna ársins 1989, 100.000 kr., og eignatekjum árið 1990, 117.600 kr., sem koma til frádráttar framangreindum vanframtöldum rekstrartekjum. Í ársreikningi fyrirtækis ákærða árið 1992 var ætluð samlagningarvilla í útreikningi rekstrartekna, að fjárhæð 1.000.000 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til þess og með játningu ákærða, sem fær stöð í gögnum málsins, telst því sannað, að ákærði vanframtaldi tekjur sínar um að minnsta kosti 132.158.685 kr. á framangreindum skattframtölum.

Ákærði hefur borið því við, að hann hafi ekki talið fram öll útgjöld til frádráttar tekjum á skattframtölum sínum, en samkvæmt ákæru er við þau útgjöld miðað, sem fram koma á skattframtölum. Af þeim sökum sé vanframtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn mun lægri en í ákæru greinir. Ákærði hefur þó við meðferð málsins hvorki getað sýnt fram á, hver þau gjöld séu, né hve há.

Ekki fór fram sérstök rannsókn á gjöldum og gjaldafylgiskjöllum ákærða eða eignamyndun hans, þrátt fyrir það að ástæða hafi verið til. Ætla verður, að rannsóknaraðilum hafi verið í lófa lagið að rannsaka frekar en gert var þau atriði, er horft gátu ákærða til hagsbóta, eins og lögskylt er. Bar rannsóknaraðilum ótvírætt að leggja sig frekar fram við rannsóknina að þessu

leyti. Þó er ljóst, að rannsóknaraðilar gátu ekki án aðstoðar ákærða aflað fullnægjandi gagna um þetta atriði.

Vegna þessa skorts á gögnum um gjöld vegna rekstrar ákærða nefnt tímabil verður ekki fullyrt um með vissu í dómi, hvað ákærði kom sér undan að greiða í tekjuskatt og útsvar. Hins vegar ber að líta til þess, að ákærða stóð það næst að afhenda þau gögn, en hann hefur margsinnis fullyrt, að þau gögn finni hann alls ekki. Þó hefur ákærði ekki getað gefið svör við því, hvað um þau gögn varð, og eru lýsingar hans á meðferð gagnanna og afdrifum þeirra óljósar. Ákærði hefur m. a. gefið þá skýringu, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig fara ætti með bókhaldsgögn, en ákærði hafði þó bókara í þjónustu sinni.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, en í nefndri lagagrein er sektarákvörðun bundin skattfjárhæð. Í ákæru er við það miðað, að vanframtaldar tekjur ákærða í skattframtölum árána 1990 til 1994 hafi leitt til þess, að álagður tekjuskattur og útsvar ákærða hafi verið 37.688.600 kr. lægri en vera átti. Í ákæru er skatturinn reiknaður af skattstofni, eftir að yfirferanlegt tap hefur verið dregið frá vanframtöldum tekjum, og er skattstofninn 93.063.897 kr. Í því skyni að finna, hvert undanskot ákærða hafi verið að lágmarki, hefur dómurinn reiknað út lífeyri ákærða fyrir árin 1989–1993. Útreikningurinn er byggður á skattframtölum ákærða, eignamyndun hans og öðrum gögnum málsins. Á skattframtölum ákærða voru þeir ágallar, að ekki var getið um kaupverð hlutabréfa og kaupverð og byggingarkostnað fasteigna í öllum tilvikum, og var það ekki upplýst við rannsókn málsins. Í þeim tilvikum var miðað við nafnverð hlutabréfa og fasteignamat. Í fyrrgreindum útreikningum var framfærslueyrir ákærða metinn 1.500.000 kr. á ári, 125.000 kr. á mánuði. Samkvæmt þeim útreikningum er lífeyrir ákærða árin 1989–1993 neikvæður um 59.599.345 kr., sem samkvæmt framansögðu verður að telja undandrátt ákærða frá skatti að lágmarki, þ. e. a. s. undandreginn virðisaukaskatt og vanframtalinn tekjuskattsstofn. Af gögnum málsins liggur fyrir, að virðisaukaskattur af vanframtöldum rekstrartekjum árána 1990–1993 nam 31.020.366 kr., og er þá ekki tekið tillit til mögulegrar innskóttunar umfram það, sem gert er í ákæru.

Að öllu framangreindu virtu telst því sannað, að undanskot ákærða frá tekjuskatts- og útsvarsstofnum á skattframtölum árána 1990–1994 var að minnsta kosti 28.578.979 kr., og telst þá ekki á ákærða hallað. Ef undanskot ákærða frá tekjuskatts- og útsvarsstofnum næmi ekki hærri fjárhæð, væru gjöld samkvæmt því vanframtalin á skattframtölum fyrrgreindra ára

a. m. k. um 103.000.000 kr. Þá verður og að líta til þess, að samkvæmt skattframtölum ákærða árin 1991–1994 var rekstrartap samtals 40.094.788 kr.

Eins og að framan er rakið, er hins vegar dóminum ógerlegt að komast með vissu að niðurstöðu um, hver sú fjárhæð var, sem dregin var undan tekjuskattstofni. Hins vegar er alls ekki varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi hagnast á þessari háttsemi sinni og þannig brotið gegn ákvæði 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, og þar sem brot ákærða er stórfellt, hefur hann einnig brotið gegn 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981. Verður því að ákveða refsingu ákærða fyrir þennan þátt ákæru eftir almennum sjónarmiðum.

Kafli I.2. í ákæru.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að hann hefur á árunum 1990 til 1993 lækkað í blekkingarskyni fjárhæðir á 120 sölureikningum fyrirtækis síns og notað þá þannig breytta sem fylgiskjöl til tekjufærslu í bókhaldi þess, eins og greinir í ákæru. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en málið var flutt með hliðsjón af því, að brotið gæti varðað við 158. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

II. Brot á lögum um virðisaukaskatt.

Ákærði hefur játað að hafa vantalið á virðisaukaskattsskýrslum sínum virðisaukaskattsskylda veltu um að minnsta kosti 149.021.817 kr. Gögn málsins bera það og með sér, að undanskotinn virðisaukaskattur nam a. m. k. 35.882.557 kr. Ákærði hefur hins vegar borið því við, að innskattur fyrir sama tímabil sé vantalinnt.

Þar sem ákærði hefur ekki getað lagt fram eða vísað á reikninga, sem sannað geti innsköttun virðisaukaskatts umfram það, sem gert er í ákæru, eða á annan hátt sýnt fram á, að honum hafi verið heimilt að draga hann frá útskatti, verður með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 50/1988 um sönnun fyrir innskatti, játningu ákærða og gögnum málsins talið nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í II. kafla ákæru. Þykir eiga að heimfæra háttsemi ákærða undir 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1995, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telst brot hans stórfellt í skilningi 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, sem hér getur skipt máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að brot hans eru stór-

felld og að hann sveik umtalsverðar fjárhæðir úr ríkissjóði. Stóðu þau yfir í langan tíma og voru kerfisbundin og unnin með þeim ásetningi að koma sér hjá að standa skil á sköttum til ríkissjóðs. Hins vegar verður að líta til þess, eins og að framan er rakið, að ekki verður nánar fullyrt um hinn raunverulega hagnað ákærða af brotum sínum. Refsing ákærða er sérstaklega ákvörðuð með hliðsjón af ákvæðum 2. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940 fangelsi í tíu mánuði. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð 40.000.000 kr., og hefur þá álag samkvæmt 27. gr. laga nr. 50/1988 og 106. gr. laga nr. 75/1981 komið til frádráttar. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms, sæti ákærði fangelsi í tólf mánuði.

Einnig ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Mál þetta flutti af ákæruvaldsins hálfu Sigríður Jósefsdóttir saksóknari.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari sem dómsformaður ásamt meðdómsmönnum Jóni Þ. Hilmarssyni og Birki Leóssyni, löggiltum endurskoðendum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Þórðarson, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði greiði 40.000.000 króna sekt til ríkissjóðs. Komi 12 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hervarar Þorvaldsdóttur

Ég er samþykkt niðurstöðu meiri hluta dómenda um kafla I.2. og II. í ákæru. Hins vegar er ég ósamþykkt niðurstöðu í kafla I.1. í ákæru, og er atkvæði mitt svohljóðandi varðandi þann þátt ákærunnar:

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa látið hjá líða að telja fram tekjur sínar til skatts, a. m. k. um 133.158.685 kr. á skattframtölum árána 1990–1994. Eru þar rekstrartekjur sundurliðaðar á hvert ár og þar sagðar vera vanframtaldar um 133.376.286 kr. á skattframtölum árána 1990–1994. Þessi mismunur skýrist af reiknuðu endurgjaldi vegna ársins 1989, 100.000

kr., og eignatekjum árið 1990, 117.600 kr., sem koma til frádráttar framan- greindum vanframtöldum rekstrartekjum. Ætla má, að í ársreikningi fyrir- tækis ákærða árið 1992 sé samlagningarvilla í útreikningi rekstrartekna, að fjárhæð 1.000.000 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til þess og með játningu ákærða, sem fær stoð í gögnum málsins, telst því sannað, að ákærði van- framtaldi tekjur sínar um að minnsta kosti 132.158.685 kr. á framangreind- um skattframtölum.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sektar sam- kvæmt 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, en í nefndri lagagrein er sektarfjárhæð bundin skattfjárhæð.

Ákærði hefur borið því við, að hann hafi ekki talið fram öll útgjöld til frádráttar tekjum á skattframtölum sínum, en samkvæmt ákæru er við þau útgjöld miðað, sem fram koma á skattframtölum. Af þeim sökum sé van- framtalinn tekjuskatts- og útsvarstofn mun lægri en í ákæru greinir. Við skýrslugjöf hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins kvað ákærði skattframtöl gefa rétta mynd af gjöldum sínum. Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi kvað ákærði gjöld vera vanframtalin. Ákærði hefur þó við meðferð málsins ekki reynt að sýna fram á, hver þau gjöld séu, né nokkuð um fjárhæð þeirra. Hvað þetta varðar, ber að líta til þess, að ákærða stóð það næst að gefa frekari upplýsingar um þetta atriði eða af- henda gögn þar að lútandi. Þó hefur ákærði ekki getað gefið svör við því, hvað um þessi gögn varð, og eru lýsingar hans á meðferð gagnanna og af- drifum þeirra óljósar og framburður ákærða reikull. Verður að telja hald- litla þá skýringu ákærða, sem hann gaf fyrir dómi, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir því, hvernig fara ætti með bókhaldsgögn, en ákærði hafði bókara í þjónustu sinni, og rekstur fyrirtækis hans var nokkuð umfangsmik- ill. Við svo búið verður ekki talið, að frekari rannsókn geti leitt í ljós, hver þessi gjöld voru, en ákærða hefur verið það í lófa lagið á öllum stigum þessa máls að leggja fram gögn um bókhald sitt og hin ætluðu vanframtöldu gjöld. Eiga því við sömu sjónarmið um þennan kafla ákæru og fram koma í rökstuðningi varðandi II. kafla ákærunnar, en þar hefur ákærði borið því við, að innskattur sinn sé vantallinn. Ber því með vísan til þess, sem fram er komið um vanframtaldar tekjur ákærða, að telja sannað, að ágóði ákærða af þeirri háttsemi, sem lýst er í I. kafla í ákæru, sé 30.380.796 kr., hvað varðar tekjuskatt, og 6.884.804 kr., hvað varðar útsvar.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um heimfærslu háttsemi ákærða til refsíákvæða og ákvörðun refsingar ákærða með þeim rökum, sem að fram- an greinir.